

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

10. nóvember 2017  
UST201710-148/R.K.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn. Efnistaka- Sléttuá. Reyðarfjörður**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að taka allt að 45.000 m<sup>3</sup> af efni úr áreyrum Sléttuár á næstu fimm árum. Um er að ræða áframhaldandi efnistöku af svæði sem var nýtt frá 2004-2008. Líkt og kemur fram í greinagerð er gert ráð fyrir að nýta efni niður að 1-1,5m dýpi á þremur efnistökusvæðum og munu svæðin alls ná yfir rúma 3,4 ha.

#### **Vöktun**

Umhverfisstofnun telur að greinagerð geri nægilega vel grein fyrir framkvæmdinni hvað varðar umhverfi og mótvægisáðgerðir. Þá telur stofnunin að greina þurfi betur frá vöktun hvað varðar áhrif efnistöku á jarðveg og hrygningarár bleikju í Sléttuá. Umhverfisstofnun tekur undir með Landgræðslu ríkisins (sjá viðauka 4) um ábyrgð framkvæmdaraðili á frágangi landsvæðis og telur tillögu þeirra, um gerð vöktunaráætlunar á áhrifum efnistöku á farveg Sléttuár, jákvæða.

#### **Frágangur**

Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila til að huga að uppgreðslu rofabarða á árbökkum (sjá myndir 3, 5 og 9 í greinagerð) til að fyrirbyggja áframhaldandi landbrot og til að styrkja stöðugleika árfarvegar Sléttuár. Þar með telur Umhverfisstofnun áform framkvæmdaraðila um að draga úr bakkarofi vera jákvæð og kallar eftir aðgerðaráætlun í þeim efnum. Stofnunin vekur athygli á 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um bakkagróður, og telur mikilvægt að framkvæmdir fari fram á þann hátt að röskun á bökkum og bakkagróðri sé í lágmarki. Varðandi frágang efnistökusvæða bendir Umhverfisstofnun á vefsíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is), þar sem má finna gagnlegar upplýsingar um efnistöku, frágang efnistökusvæða og uppgreðslu undir „Efnisvinnsla og frágangur á náum“.

## Umhverfisáhrif

Efnistökusvæðið hefur áður verið í notkun og er um að ræða efnistöku á gróðurlausri malareyri þar sem vegslóði er þegar til staðar. Ekki er um að ræða viðkvæma náttúru, vernduð eða friðlýst svæði, né vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Efnistaka gæti valdið neikvæðum áhrifum á hrygningaráttíma bleikju í Sléttuá en mótvægisgerðir framkvæmdaraðila hvað varðar tímasetningar framkvæmda út frá hrygningartíma ættu að draga úr þeim áhrifum.

## Lífríki Sléttuár

Umhverfisstofnun telur að helstu mögulegu áhrif efnistöku muni verða á lífríki árinnar. Fram kemur í álti Náttúrustofu Austurlands sem segir: „*Ef af malartekju verður er nauðsynlegt að malartekja fari ekki fram á hrygningartíma bleikjunnar sem er síðla sumars og fram á haust/vetur og að námusvæðum verði valinn staður á þann hátt að neikvæð áhrif þeirra á vatnsfallið verði sem minnst, t.d. í samráði við sérfræðinga Hafrannsóknastofnun*“ (bls 14-15 og bls 2 viðauka 3). Umhverfisstofnun tekur undir þessu tillögu Náttúrustofu Austurlands og telur jákvæð þau áform framkvæmdaraðila um að svo verði gert.

## Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistöku í landi Sléttu séu þegar að mestu fram komin. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur stofnunin líklegt að umrædd efnistaka mun ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín Salome Jónsdóttir  
sérfræðingur